

**8. fundur sveitarstjórnar haldinn að Hlíðavegi 6,  
7. nóvember 2018 og hófst hann kl. 09:15**

**Fundinn sátu:**

Helgi Héðinsson oddviti, Sigurður Böðvarsson varaoddviti, Halldór Þorlákur Sigurðsson aðalmaður, Dagbjört Bjarnadóttir aðalmaður, Friðrik K. Jakobsson varamaður, Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri

**Dagskrá:**

Í upphafi fundar óskaði oddviti eftir að taka eitt mál á dagskrá með afbrigðum:  
1809008: Klappahraun: Gatnagerð austari partur  
Samþykkt samhljóða að bæta málinu við á dagskrá undir dagskrárlíð 5 og færast önnur mál sem því nemur.

**1. Fjárhagsáætlun 2019: Ákvörðun um álagningarhlutfall útsvars - 1810049**

*Lagt til að álagningarhlutfall útsvars verði óbreytt á árinu 2019, þ.e. 14,52%.  
Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.*

**2. Fjárhagsáætlun: 2019-2022 – 1808024**

*Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu atriðum fjárhagsáætlunar Skútustaðahrepps 2019-2022.  
Oddviti leggur til að áætluninni verði vísað til síðari umræðu í sveitarstjórn 28. nóvember næstkomandi.  
Samþykkt samhljóða.*

**3. Hæstiréttur Íslands - Mál nr. 275-2017. Landeigendur í Vogum gegn Veitustofnun Skútustaðahrepps – 1810050**

*Lagður fram dómur hæstaréttis í máli landeigenda í Vogum gegn Veitustofnun Skútustaðahrepps. Ágreiningur aðila laut annars vegar að því hvort uppsögn landeigenda jarðarinnar Voga í Skútustaðahreppi í júlí 1992 á samningi þeirra við Hitaveitu Reykjahlíðar frá júlí 1971 hafi verið heimil og hins vegar um eignarrétt að asbestpípu sem lá frá skiptistöð í landi Reykjahlíðar og að landi Voga. Í dómi Hæstaréttar kom fram að samningurinn frá 1971 hefði verið ótímabundinn, án uppsagnarákvæðis og falið í sér gagnkvæmar skyldur til viðvarandi greiðslna af hálfu hvors aðila hans um sig. Með vísan til þeirrar meginreglu kröfuréttar að ótímabundnir samningar um viðvarandi greiðslur væru uppsegjanlegir með hæfilegum fyrirvara, nema annað væri ákveðið í lögum, samningi eða leiddi af eðli samningsins, var talið að Veitustofnun Skútustaðahrepps hefði ekki tekist að færa sönnur á að samningurinn væri enn í gildi. Þá var ekki fallist á með Veitustofnuninni að landeigendur hefðu afsalað sér með samningi eða öðrum hætti eignarrétti að hinni umþrættu asbestpípu. Voru landeigendur því sýknaðir af kröfum Veitustofnunar. Veitustofnunin þarf að greiða 1,9 m.kr. í málskostnað. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðauka 1.9 m.kr. (nr. 18 - 2018) sem verður fjármagnaður með handbæru fé.  
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ganga til viðræðna við landeigendur í Vogum með að leiðarljósi að farsæl heildarlausn finnist.*

**4. Landeigendur Reykjahlíðar ehf - Landleiga í Reykjahlíð - 1810051**

*Helgi Héðinsson vék af fundi vegna vanhæfis og Alma Dröfn Benediktsdóttir kom inn á fundinn. Sigurður varaoddviti tók við stjórn fundarins.*

*Margrét Halla Lúðvíksdóttir skrifstofustjóri kom inn á fundinn undir þessum liðum. Lagðir fram útreikningar frá skrifstofustjóra á leiðréttingu á lóðarstærðum í Reykjahlíð fyrir árin 2014-2018.*

*Sveitarstjórn samþykkir útreikningana.*

*Viðauki að upphæð 576.634 kr. (nr. 19 - 2018) verður fjármagnaður með handbæru fé.*

*Sveitarstjórn hafnar beiðni LR ehf að greiða lóðarleigu fyrir óúthlutuðum deiliskipulögðum lóðum.*

**5. Klappahraun: Gatnagerð austari partur - 1809008**

*Alma Dröfn vék af fundi og Helgi tók við stjórn hans á ný.*

*Guðjón Vésteinsson skipulagsfulltrúi kom inn á fundinn undir þessum lið.*

*Lögð fram fundargerð frá opnun tilboða í verðathugun fyrir gatnagerð í Klappahrauni og aðkomuvegi að íþróttahúsi. Þeir sem fengu gögn til tilboðsgerðar voru Jón Ingi Hinriksson ehf., Steinsteypir ehf., Höfðavélar ehf. og Vinnuvélar Eyþórs ehf. Eitt tilboð barst, frá Jóni Inga Hinrikssyni ehf.*

*Sveitarstjórn samþykkir að ganga til skýringarviðræðna við Jón Inga Hinriksson ehf. á grundvelli verðathugarinnar og vísar málinu til gerðar fjárhagsáætlunar.*

**6. Skýrsla sveitarstjóra – 1611024**

*Sveitarstjóri fór yfir og lagði fram skýrslu um helstu verkefni frá síðasta sveitarstjórnarfundi. Skýrslan verður birt á heimasíðu sveitarfélagsins og dreift í prentuðu eintaki innan sveitar.*

**7. Brunavarnarnefnd Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar: Fundargerðir – 1705024**

*Lögð fram fundargerð 2. fundar brunavarnarnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar dags. 1. nóvember 2018. Fundargerðin er í 7 liðum.*

*Liður 1: Erindisbréf brunavarnarnefndar*

*Sveitarstjórn lagði fram drög að erindisbréfi fyrir brunavarnarnefndina. Nefndin samþykkir erindisbréfið samhljóða og vísar til staðfestingar sveitarstjórnanna.*

*Sveitarstjórn samþykkir erindisbréfið samhljóða.*

*Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina að öðru leyti.*

**8. Umhverfisnefnd: Fundargerðir – 1611036**

*Fundargerð 3. fundar umhverfisnefndar dags. 5. nóvember 2018 lögð fram. Fundargerðin er í 5 liðum.*

*4. liður: Umhverfisstefna Skútustaðahrepps: Endurskoðun - 1611044*

*Umhverfisnefnd leggur til að sveitarfélagið stofni tvo starfshópa. Annars vegar um nýtingu lífræns úrgangs frá heimilum, lögbylum og fyrirtækjum í sveitarfélaginu m.a. til nýtingar til landgræðslu. Hins vegar vegna eyðingar og heftingar á frekari útbreiðslu ágengra plantna, sem er ört vaxandi áskorun sem takast þarf á við af festu.*

*Sveitarstjórn samþykkir beiðni umhverfisnefndar og felur nefndinni að skipa í starfshópana og leggja fram erindisbréf til samþykktar.*

*Umhverfisnefnd óskar þess að haldinn verði aukafundur 19. nóvember n.k. vegna vinnu við umhverfisstefnu.*

*Sveitarstjórn samþykkir aukafundinn samhljóða, fundurinn rúmast innan fjárheimildar.*

*Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina að öðru leyti.*

**9. EYÞING: Fundargerðir - 1611006**

8. fundur sveitarstjórnar  
07.11.2018

Lögð fram fundargerð 312. fundar stjórnar Eyþings dags. 23. október 2018.  
Einnig lagt fram bréf frá stjórn Eyþings dags. 26. okt. 2018 vegna  
fundargerðarinnar.

Liður 11: Samantekt Alta frá Aðalfundi Eyþings

Sveitarstjórn fagnar samantektinni og leggur áherslu að hún verði nýtt til  
stefnumótunar fyrir starfsemi Eyþings.

Liður 12: Framtíðarhlutverk landshlutasamtaka

Sveitarstjóra og oddvita falið að senda inn umsögn til Eyþings í samræmi við  
umræður á fundinum.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00**

Helgi Kídur

Þórunn

Sigurður

Guðrun

Dagbjart Bj.

\_\_\_\_\_

Stuðup Sjór.

\_\_\_\_\_

